

Gradualekór Langholtskirkju

SÓPRAN

Arrgunnur Eir Jónsdóttir
Bjargey Birgisdóttir
Halldóra Ósk Helgadóttir
Hanna Ágústa Olgeirsdóttir
Hekla Karen Alexandersdóttir
Íva Marín Adrichem
Jasmín Kristjánsdóttir
Jóhanna Vigdís Guðjónsdóttir
Salný Vala Óskarsdóttir
Salóme Sól Norðkvist
Þórhildur S. Kristinsdóttir
Agnes Jórunn Andrésdóttir

ALT

Álfheiður Edda Sigurðardóttir
Erna Kałnema Mashinkila
Helga Solveig McAdam
Íris Miranda Bonilla
Margrét Björk Daðadóttir
María Ása Auðunsdóttir
Sara Sólveig Kristjánsdóttir
Snjólaug Vera Jóhannsdóttir
Sólveig Erla Sigurðardóttir
Stella María Roloff
Úlfhildur Eir Jónsdóttir
Þorgerður Sól Ívarsdóttir

Nemendur Listdansskóla Íslands

Anna Guðrún Tómasdóttir
Erna Kristín Jónasdóttir
Helena Marina Salvador
Hrefna Krístrún Jónasdóttir
Karen Eik Sigurðardóttir
Matthea Lára Pedersen
Sara Björk Vilhjálmsdóttir
Selma Rún Bjarnadóttir
Sesselja Borg Þórðardóttir

Hljómsveit á tónleikum

1. FIDLA

Nicola Lolli
Zbigniew Dubik
Bryndís Pálsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Lin Wei
Ágústa María Jónsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Andrzej Kleina
Mark Reedman
Pálína Árnadóttir
Pétur Björnsson

2. FIDLA

Roland Hartwell
Christian Diethard
Þórdís Stross
Ingrid Karlsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Greta Guðnadóttir
Margrét Þorsteinsdóttir

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Kathryn Harrison
Guðrún Hrund Harðardóttir
Móeiður Sigurðardóttir
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Sesselja Halldórsdóttir

SELLÓ

Sigurður Bjarki Gunnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Margrét Árnadóttir
Ólöf Sigursveinsdóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Lovísa Fjeldsted

BASSI

Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Emilía Rós Sigfúsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Peter Tompkins
Eydis Franzdóttir

KLARÍNETT

Einar Jóhannesson
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Michael Kaulartz
Rúnar Vilbergsson

HORN

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Stefán Jón Bernharðsson
Lilja Valdimarsdóttir

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Ásgeir Steingrímsson
Guðmundur Hafsteinnsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Carlos Caro Aguilera
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley

PIÁNÓ/CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

ÞÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson

Dagskrá Litla tónsprotans 2015/16

Maxímús heimsækir hljómsveitina

Ævintýrin um Maxa hafa notið fádæma vinsælda og er þessi tónelska mús orðin heimilisvinur fjölda barna á Íslandi og í mörgum löndum Evrópu, Asíu og Ameríku. Nú þegar fjórar bækur hafa verið gefnar út með músinni knáu er komið að sjálfu upphafsævintýrinu á nýjan leik þar sem Maxi heimsækir hljómsveitina.

Hallfríður Ólafsdóttir hljómsveitarstjóri
Valur Freyr Einarsson sögumaður

Jólatónleikar Sinfóníunnar

Jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar hafa notið gífurlegra vinsælda og eru fastur liður í jólahaldi margra fjölskyldna á Íslandi. Í ár, sem endranær, verður hátíðleikinn í fyrirrúmi þar sem sígild jólalög og klassísk ballettónlist er í forgrunni. Tónleikarnir verða túlkaðir á táknmáli.

Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri
Trúðurinn Barbara kynnir
Dísella Lárusdóttir og Kolbrún Völkudóttir einsöngvarar
Ungir listamenn, kórar og ballettdansarar

Ævar vísindamaður

Ævar vísindamaður og Sinfóníuhljómsveit Íslands leiða saman hesta sína í sannkölluðum sinfónískum vísindatrylli. Á tónleikunum kynnir Ævar til leiks ýmsar af merkari uppgötvunum mannsandans í samhljómi við Sinfóníuhljómsveitina.

Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri
Ævar vísindamaður kynnir

Ævintýrið um Eldfuglinn

Í heillandi ævintýrinu um Eldfuglinn segir frá Ívani prins sem er hugrakkur með eindæmum og risastórum fugli sem logar í alls konar rauðum og gulum litum rétt eins og sólin sjálf hafli tekið sér bólfestu í fjöðrum hans. Þetta er Eldfuglinn eitt litríkasta hljómsveitarævintýri sem sögur fara af.

Ígor Stravinskíj Eldfuglinn
Daniel Bjarnason hljómsveitarstjóri
Trúðurinn Barbara kynnir

Endurnýjun og sala nýrra áskriftakorta hefst í byrjun júní.

www.sinfonia.is

   @icelandsymphony #tonsprotinn #sinfó



LITLI TÓNSPROTINN

DIMMALIMM OG SVANAVATNIÐ

LAUGARDAGURINN 25. APRÍL 2015



DIMMALIMM OG SVANAVATNIÐ

Tónleikar í Eldborg laugardaginn 25. apríl 2015 >>14:00

Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri
Trúðurinn Barbara kynnir

Gradualekór Langholtskirkju
Jón Stefánsson kórstjóri
Nemendur úr Listdanskóla Íslands
Guðmundur Helgason listrænn stjórnandi
Birgitte Heide og Nanna Ólafsdóttir æfingastjórn

Atli Heimir Sveinsson **Dimmalimm**
Forleikur
Dans Dimmalimm
Söngur Dimmalimm
Trúðadans
Millispil
Söngur Péturs
Lokasöngur

Pjotr Tsjaikovskij **Úr Svanavatninu**
Scène
Dans litlu svannanna
Dans frá Napolí
Rússneski dansinn
Pas de deux úr 1. þætti

Atli Heimir Sveinsson **Kvæðið um fuglana**

Vinsamlega hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru um það bil klukkustundar langir og án hlés.

Tónleikarnir eru hljóðritaðir af Rás 1 og verða sendir út síðar.

Myndum sem varpað er upp meðan á flutningi *Dimmalimm* stendur og myndir í tónleikaskrá eru eftir listmálarann Mugg, Guðmund Thorsteinsson. Myndirnar eru birtar með góðfúslegu leyfi Elínar Bergs.

Myndin *Svanur í tjörn* eftir Ásgrím Jónsson er bakgrunnsm mynd *Svanavatsins*. Myndin er birt með góðfúslegu leyfi Listasafns Íslands.



Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

Bernharður Wilkinson hefur stjórnað tónleikum Litla tónsprotans oft en nokkur annar hljómsveitarstjóri. Hljóðfærið hans Benna er þverflauta en þegar hann var ungur drengur söng hann í kór Westminster Abbey í London. Benni hafði mjög gaman af ævintýrum og voru *Hans og Gréta* í algjöru uppáhaldi hjá honum, einfaldlega vegna þess að þau fengu svo mikið af sætindum.

Barbara fæddist í Leiklistarskóla Íslands árið 1994, kom fullsköpuð út úr Halldóru Geirharðsdóttur þegar hún setti á sig rautt nef. Barbara kemst ekkert án Halldóru og væri ekki til ef Halldóra færi. Allt sem Halldóra kann getur Barbara líka en margt sem Barbara veit hefur Halldóra ekki hugmynd um. *Rauðhetta og úlfurinn* er uppáhalds ævintýri þeirra beggja; Halldóru af því pabbi hennar sagði henni söguna svo oft og aldrei alveg eins og Barböru af því hún hefur leikið ævintýrið oft en nokkuð annað og uppgötvar eitthvað nýtt í hvert einasta skipti.

Gradualekór Langholtskirkju tók til starfa 1991. Kórinn syngur fjölbreytt verk, allt frá barokktímanum til erfiðustu nútímaverka. **Gradualekórinn** hefur vakið óskipta athygli fyrir framúrskarandi flutning og útgeislun. Kórinn hefur margsinnis komið fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands, haldið tónleika víða um lönd, sungið á virtum tónlistarhátiðum og náð einstökum árangri í alþjóðlegum tónlistarkeppnum. Söng kórsins má heyra á fjölda upptaka en stjórnandi hans frá upphafi er Jón Stefánsson.

Listdanskóli Íslands var stofnaður árið 1952 og hefur æ síðan verið í fararbroddi danslistar á Íslandi. Listdanskólinn og Sinfóníuhljómsveitin hafa um árabíl átt gott samstarf. Nám í Listdanskólanum skiptist í grunn- og framhaldsdeild og fá börn frá níu ára aldri þjálfun í öllu því sem þarf til þess að geta dansað bæði klassískan ballett og nútímadans. Sum þeirra hafa orðið atvinnudansarar, bæði hér heima og í öðrum löndum. Nemendur Listdanskólans hafa oftsinnis komið fram á tónleikum Litla tónsprotans. Nánari upplýsingar um Listdanskóla Íslands má finna á www.listdans.is.



Sinfóníuhljómsveit Íslands er stærsta hljómsveit á Íslandi. Sinfóníuhljómsveitin er hljómsveit allra landsmanna sem heldur reglulega tónleika í Hörpu. Hljómsveitin fer stundum í tónleikaferðir út á land og til útlanda. Í Sinfóníuhljómsveitinni eru hljóðfæraleikarar sem eiga langt hljóðfæranám að baki enda eru þeir allir meistarar, hver á sínu sviði.

Um tónlistina

Listmálarinn **Muggur**, Guðmundur Thorsteinsson, samdi ævintýrið um *Dimmalimm* árið 1921 handa lítilli íslenskrí frænku sinni þegar hann var á siglingu á Miðjarðarhafinu. Ævintýrið er meðal helstu gersama listmálarans sem málaði gullfallegar myndir með sögunni sem tónleikagestir njóta á tónleikum meðan á flutningi tónlistarinnar stendur. **Atli Heimir Sveinsson** tónskáld samdi tónlistina við *Dimmalimm* sem skipaði sér strax í flokk helstu djásna íslenskra tónverka. Atli Heimir byrjaði að læra á píanó þegar hann var 10 ára gamall og hefur samið ógrynni af tónlist fyrir hljómsveitir, einleikara, söngvara og kóra. Sinfóníuhljómsveitin hefur oft flutt tónlist eftir Atla Heimi en þáttunum úr *Dimmalimm*, sem við heyrum á tónleikum í dag, raðaði Atli Heimir upp í litla svítu þar sem sagan um prinsessuna *Dimmalimm* er lesin á milli hljómsveitarkafllana.



Svanavatnið eftir Tsjaikovskij er ein þekktasta ballettónlist sem samin hefur verið og stundum er sagt að **Svanavatnið** sé vinsælasti rómantíski ballett sögunnar. Ballettinn er stórt og mikið verk en valdir þættir verða fluttir á tónleikum í dag eins og *Dans litlu svannanna*, *Dans frá Napolí* og *Rússlandi* auk skemmtilegra hljómsveitarkaflla. Í rússneska dansinum leikur konsertmeistari Sinfóníuhljómsveitarinnar, Nicola Lolli, einleik á fiðlu. Söguþráður ballettsins byggir á rússneskrí þjóðsögu. Þar segir frá galdramanni eða illum anda, Von Rothbart, sem leggur þau álög á prinsessu og hirðmeyjar hennar að þær verða að svönum. Siegfried prins sér svanaþópinn þar sem hann er á veiðum og einn svannanna breytist í konu að nafni Odette. Siegfried verður ástfanginn af henni og ákveður að rjúfa álögin. Von Rothbart kemur í veg fyrir það þar sem hann dulbýr dóttur sína sem Odette. Siegfried lætur blekkjast og lýsir yfir ást sinni til hennar og með því verður hin sanna Odette bundin álögnum til eilíðar. Yfirbugaður af sorg gengur Siegfried ásamt svanaþrottningunni Odette út í tjörnina og segir sagan að þau hafi sameinast á öðrum stað. Dansarnir sem nemendur úr Listdanskóla Íslands sýna á tónleikum eru eftir Levs Ivanov og Marius Petipa. Æfingastjórn var í höndum Birgitte Heide og Nönnu Ólafsdóttur.

Atli Heimir Sveinsson samdi lagið sem sungið er við ljóð Davíðs Stefánssonar, *Kvæðið um fuglana*. Lagið, sem einnig er stundum nefnt **Snert hörpu mína**, hefur frá upphafi verið einstaklega vinsælt enda sannkölluð söngperla. *Kvæðið um fuglana* heyrir nú í nýrri útsetningu Hrafnkels Orra Egilssonar sem var gerð sérstaklega fyrir þessa ævintýratónleika Litla Tónsprotans þar sem hversdagsleikinn er hvergi nálægur.

Modern Times

Bió með Sinfóníunni



Fös. 8. maí » 19:30

Lau. 9. maí » 15:00

Charles Chaplin *Modern Times*

Sinfóníuhljómsveit Íslands
Frank Strobel hljómsveitarstjóri

Nútíminn eftir Chaplin er eitt af helstu meistaraverkum kvikmyndasögunnar og um leið vinsælasta og fyndnasta kvikmynd hans. Nútíminn segir af baráttu flækingsins við að fóta sig í nýrri iðnvæddri veröld í lok heimskreppu.

Barnaverð 2.400 kr.

Börn og ungmenni fá sérstakt miðaverð á Chaplin í miðasölu Hörpu.

[f](https://www.facebook.com) [i](https://www.instagram.com) [t](https://www.twitter.com) @icelandsymphony #sinfó

